




VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefni Verkfundur		Fundarstaður Símafundur		Nr. fundar #12
Fundarboðari Guðmundur Daníelsson	Fundarritari Guðmundur Daníelsson	Fundardags. 15/04/2020	Fundartími 10:00	Dags. Fundarg. 15/04/2020
Fundarmenn Guðmundur Daníelsson (GD) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Ragnar Frank (RF) Sævar Eiríksson (SE) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)		Fyrirtæki Borgarbyggð Heflun ehf Borgarbyggð Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf		
Fjarverandi Sigurjón Hallvarðsson (SH)		Fyrirtæki SH-Leiðarinn ehf		
Dreifing Fundarmenn		Fyrirtæki		
Dagskrá Fundar Skv. fundarboði		Dagsetning næsta fundar 29/04-2020	Tími næsta fundar 10:00	
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				


Nr.	Dagskrárliðir	Ábyrgð / ags.
1.	Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar Rýnd verkfundargerð síðasta verkfundar hefur verið send verktaka til undirritunar skv. samþykktu ferli undirritunar símafunda, hún undirrituð. GD fór yfir helstu atriði sem snúa að símafundi.	
2.	Útistandandi mál frá síðasta verkfundi Verktaka hefur borist þær teikningar og önnur gögn sem óskaði var eftir á síðast fundi. Mælagögn vegna áfanga 3 og hluta af áfanga 2 bærust frá verktaka þann 7. apríl. Að sögn SI eru niðurstöður GPS mælinga í vinnslu og berast verkkaupa líklega í dag.	
3.	Framgangur við þá áfanga sem unnið er við Engin jarðvinna hefur átt sér stað undangengnar tvær vikur.	
4.	Næstu skref og áfangar Verklök við áfanga 3 og vinna við áfanga 1 er næst á dagskrá. Verktaki reiknar með að hefja störf í upphafi maí ef frost í jörð og aðrar aðstæður leifa.	
5.	Önnur mál er varða efni fundarins	
6.	GD ræddi Covit og umgengni þeirra sem að verkefninu koma inni á heimilum. GD fór stuttlega yfir málið og lagði til þá ráðstöfun að eftirlitsaðili verksins hefði símleiðis samband við ábúendur áður en verktaki hefur störf inni á heimilum. Ef aðili er í sóttkví eða sýktur verði ekki unnið inni á viðkomandi heimili. Að öðrum kosti geti verktaki klárað sitt verk. RF tók undir þetta og kvaðst geta komið skilaboðum til tiltekins hóps ef ástæða er til. SI lagði til að eftirlitsaðili og verktaki stilltu saman strengi sína til þess að stuðla að því að sem fæsta ferðir verði farnar inn á hvert heimili.	



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

7.	SI spurðist fyrir um efnismál og þá einkum rör. GD sagði að efni væri til í landinu fyrir næstu mánuði auk þess sem efnisöflun stæði yfir.	
8.	GD spurðist fyrir um fjölda starfsmanna og takt í verkinu þegar framkvæmdir hefjast að nýju. SGH og SI sögðu að svipaður fjöldi starfsmanna yrði við störf og áður og taktur og framgangur svipaður.	
9.	SE spurðist fyrir um hvenær verktaki hygðist flytja vélar að áfanga 1. SI taldi það verða um mánaðarmót apríl/maí. Hafist yrði handa þar sem frá var horfði í áfanga 5 og unnið inn Hvitársíðuna.	
10.	SI minntist á erfitt land á milli Gilsbakka og Fljótstungu og spurðist fyrir um hvort að það hafi verið skoðað að plægja frá Kalmannstungu. GD sagði að sú leið hafi verið borin undir landeigendur og þeir alfarið ráðið frá því að fara þá leið. GD sagði að svæðið verði skoðað nánar og leitast við að finna eins góða leið og kostur er.	
11.	Fleira ekki rætt.	


Samþykki verktaka


Samþykki verkkaupa